

Nd.

159. Frumvarp til laga

[129. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hellnahól í Rangárvallasýslu.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Karl Guðjónsson, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Einari Jónssyni bónda, Moldnúpi í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, eyðijörðina Hellnahól í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt af sömu þingmönnum á síðasta þingi, en fékk ekki fullnaðarafgreiðslu. Er það því endurflutt. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

„Með frv. þessu er lagt til, að Einari bónda Jónssyni, Moldnúpi í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, verði gefinn kostur á að kaupa eyðijörðina Hellnahól í sama hreppi, en Hellnahóll er ríkiseign.

Hellnahóll er ein af svonefndum Holtshverfisjörðum, en hefur ekki verið sérstök ábýlisjörð um margra áratuga skeið. Hefur Einar Jónsson haft jörðina á leigu s.l. 26 ár og óskar þess nú að fá hana keypta. Hagar jarðanna Moldnúps og Hellnahóls liggja saman. Hafa þeir verið ræstir fram og eru innan sama framræslukerfis. Nokkuð af hógum Hellnahóls hefur verið ræktað, og það land er innan túngirðingar Moldnúpsins. Saman eru þessar jarðir mjög sæmilegt býli, en Hellnahóll lítil jörð og með ólíkindum, að í ábúð komist ein sér.

Sýnast flest rök og öll aðstaða hníga að því, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til sölunnar, og þess vænzt, að Alþingi sjái sér fært að samþykkja frv.“

Fylgiskjal.

ODDVITI VESTUR-EYJAFJALLAHREPPS

Seljalandi, 20. febr. 1960.

Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. jan. s. l. „að mæla með því, að Einar Jónsson, bóndi á Moldnúpi, fengi keypta kirkjújörðina Hellnahól í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Telur hreppsnefndin, að jörðin sé svo lítil, að hún byggist tæplega sem sjálfstætt býli. Auk þess hefur jörðin verið í ábúð Einars í s. l. 26 ár og hann bætt hana nokkuð með framræslu og ræktun.“

Ólafur Kristjánsson,
oddviti.